

# LISTIN AÐ MENNTA SUMARSKÁLD: UM KENNINGAR DR. BRODDA JÓHANNESSONAR<sup>1</sup>

Dr. Broddi Jóhannesson var einn áhrifamesti skólamaður tuttugustu aldar á Íslandi. Hann lét til sín taka á nánast öllum sviðum menntunar- og skólustarfs. Broddi var sjálfstæður hugsuður. Hann fléttaði saman vísindarannsóknir, íslenska bændamenningu, eigin athuganir og reynslu á afar frumlegan og sérstæðan hátt. Reyndar setti hann aldrei fram grundvallarkenningar sínar í samræmdri heild. Hann bauð ekki heldur upp á formúlur eða staðlaðar skyndilausnir í kennslu og skólustarfi. Þess í stað lagði hann áherslu á frelsi nemenda og kennara til þess að velja sér verkefni, ákveða kennsluaðferðir og efnistöð, takast á við óvissu og efla kjark efans. Þannig vildi Broddi ná því markmiði skólustarfs að veita öllum nemendum jafnt sem kennurum tækifæri til þess að verða sjálfstæðir, skapandi einstaklingar, tilbúnir til þess að takast á við viðfangsefni daglegs lífs og sækja fram á eigin forsendum. Í þessari grein er fjallað um nokkrar grunnhugmyndir Brodda um uppeldi og skólustarf. Þá er leitast við að sýna fram á hvernig Broddi vann með þaulhugsað greiningarkerfi er setti manngildið ofar skrifræði, frelsi og sköpun ofar stöðluðum vinnubrögðum og gagnrýnin vinnubrögð ofar kennivaldi og kreddutrú.

Efnisorð: Broddi Jóhannesson, menntamál, kennsla, uppeldisfræði, vísindi, frelsi, mannúð

## INNGANGUR

Þessa jörð eiga að byggja frjálssir menn. Þetta land eiga að byggja frjálssir menn. Frjálssir af hatri og ótta, frjálssir af tortryggni og öfund, frjálssir af ofbeldi, opinskáu eða grímubúnu, frjálssir af þrælkun efnislegra skingæða.

Frjálssir menn, gæddir trú á lífið og manninn og hlutverk hans og skyldu að brjóta ekki gegn þeirri von, sem höfundur alls lífs ól í brjósti og lagði í brjóst hans: Að hann yrði sumarskáld, þrekmikið og heilt á hjarta, óskipt á skaphöfn, fagnandi til áræðis og starfa. (Broddi Jóhannesson, 1949, bls. 195)

Dr. Broddi Jóhannesson var einn áhrifamesti skólamaður tuttugustu aldar á Íslandi. Áhrifa hans gætti hvað mest meðan hann var virkur þátttakandi í kennslu kennaranema, mótun kennaramenntunar og skipulagi skólustarfs. Á þessum árum lét hann til sín taka á nánast

öllum sviðum menntunar og skólastarfs. Í grein Sigríðar Þ. Valgeirsdóttur (1987) um skólastjóra- og rektorstíð Brodda er að finna ítarlegt yfirlit um störf hans frá því að hann tók við skólastjórarstarfi haustið 1962 og þar til hann lét af embætti rektors árið 1975. Þar má sjá að framlag hans var ótrúlega mikið. Sérstaka athygli vekur hversu stóran þátt hann átti í þeim miklu breytingum sem urðu á löggjöf um menntun, réttindi og skyldur kennara á þessum árum. Þá eru ótalin þau miklu áhrif sem Broddi hafði á kynslóðir kennara með kennslu sinni við Kennaraskóla Íslands um áratuga skeið.

Það virðist vera samdóma álit þeirra sem fjallað hafa um framlag Brodda til menntamála að hann hafi haft mikla sérstöðu í allri umfjöllun um kennslu og skólamál og hann hafi nálgast viðfangsefni sín með öðrum hætti en aðrir menntafrömuðir (Árni Johnsen, 2016; Gunnar Ragnarsson, 1987; Kristín Indriðadóttir, 2016; Ólafur Proppé, 2016; Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 1987; Sigurjón Mýrdal, 2016).<sup>2</sup> Hann kenndi öðruvísi en aðrir kennarar. Hann sinnti daglegri stjórnun á annan hátt en flestir aðrir. Hann nálgadist laga-smíð um skólamál á sérstæðan og heldur óvenjulegan hátt. Bent hefur verið á að þessi sérstaða Brodda hafi byggst á því að hann hafi verið alveg sérstök blanda af heimsborgara og íslenskum bónda (Árni Johnsen, 2016; Gunnar Ragnarsson, 1987; Kristín Indriðadóttir, 2016), vísindamanni og listamanni (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 1987).

Broddi hafði mjög sérstakan persónulegan stíl og hann setti skoðanir sínar fram á annan hátt en venja var. Hann leitaðist við að fá viðmælendur sína til þess að velta málum fyrir sér og taka ákvörðun á eigin forsendum, kenndi og leiðbeindi með því að segja dæmisögur sem hann lét áheyrendum og viðmælendum eftir að túlka, en forðaðist að segja öðrum fyrir verkum eða skera úr um hvaða skoðanir teldust réttar. Það var því nemendum hans og samstarfsmönnum gjarnan nokkur ráðgáta hvaða skoðanir hann hafði á mönnum og málefnum. Þrátt fyrir það var hann alltaf samkvæmur sjálfum sér hvað sem á gekk. Það gildi einu hvort hann fékkst við löggjafarstörf, kennslu, sálgæslustörf, eða skólastjórnun. Nálgun hans byggðist ávallt á mótuðum grunnhugmyndum sem hann fylgdi til hins ítrasta (Ólafur Proppé, 2016; Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 1987; Sigurjón Mýrdal, 2016).

Í þessari grein eru reifaðar nokkrar lykilhugmyndir sem ég tel að mótað hafi afstöðu Brodda Jóhannessonar til manna og málefna. Ég leitast við að sýna hvernig þessar hugmyndir mynda heildstætt greiningarkerfi sem Broddi beitti af mikilli list í starfi sínu sem fræðimaður, kennari og áhrifamaður í mótun skólastarfs. Túlkun mín á verkum Brodda er ein af mörgum mögulegum. Ég hygg hins vegar að mikilvægt sé að vekja athygli á hugmyndum hans, leggja út af því sem hann skrifaði og sagði, leita samhengis í verkum hans og tengja þau skrifum annarra fræðimanna eftir föngum.

## AÐFERÐAFRÆÐI, EFNISTÖK OG VINNUREGLUR

Tímaskortur hefur væntanlega ráðið miklu um að Broddi setti hugmyndir sínar ekki fram á heildrænan og kerfisbundinn hátt. Hann segir í þessu sambandi:

Tíðast var mál mitt slitið úr tengslum meiri heildar, dæmi eða leifar viðleitni að öðlast rýmri sýn til mannlífs og örlaga, brot af margs kyns efni, er ég safnaði í sál mína í von um tóm, þrek og siðgæði til að gera úr því samfellda þætti. (Broddi Jóhannesson, 1978a, bls. 171–172)

Síðan bætir hann við:

Allir eiga þeir [kaflarnir] sammerkt í því að vera slitur ein af meira máli, hugteknu áður en stund þess var komin og birt eftir að tími þess er liðinn, að einum kafla undanskildum. (Broddi, Jóhannesson, 1978a, bls. 172)

Af þessum tilvitnunum má ráða að Broddi hefði viljað fá meiri tíma til þess að vinna hugmyndir sínar betur og setja þær í samhengi. Hann talar um að kaflarnir í *Slitrum* séu slitur af „meira máli“, en það gefur til kynna að hann hafi séð fyrir sér að lokaafurð þessarar vinnu yrði heildstæðari framsetning hinna ýmsu hugmynda. Ekki er minnsti vafi á því að mikill fengur hefði verið að slíku verki.

Broddi hafði mjög sérstakan stíl sem gerði boðskap orða hans oft torráðinn. Hann blandaði saman gamni og alvöru, persónulegum athugasemdum og almennum fræðikenningum, vísindum og visku á einstakan hátt. Viðleitni hans til þess að efla sjálfstæða hugsun nemenda, og tregða hans til þess að fylgja nýjum tískustefnum hugsunarlaust, skapaði oftár en ekki óvissu, vangaveltur og mismunandi túlkanir á fræðilegu efni. Þessi sérstaða Brodda verður til þess að sá sem um verk hans fjallar lendir auðveldlega í þeirri stöðu að verða að leggja út af orðum hans fremur en að endursegja hinn rétta boðskap. Þess vegna er þeirri vinnureglu fylgt hér að birta þann texta sem lagt er út af sem mest orðréttan þegar því verður við komið.

Við þetta bætist að það er nær ógerlegt að staðsetja Brodda í heimi fræðanna og lesa í skoðanir hans út frá hefðbundinni flokkun á stefnum og straumum vísinda og fræða. Hann var ekki Freudisti, pragmatisti, strúktúralisti, atferlissinni eða neitt slíkt. Hann hafði vissulega dálæti á mörgum fræðimönnum, sem hann vitnaði óspart til, en hann gaf lítið fyrir kennivald eða persónudýrkun (Broddi Jóhannesson, 1978b, bls. 32). Gagnrýnin afstaða til kenninga þekktra fræðimanna var honum meir að skapi en fylgispekt. Það hjálpar okkur því ekki mikið til skilnings á verkum Brodda að reyna að flokka verk hans undir einhverja fræðastefnu eða staðsetja hann sem fylgismann einhvers tiltekens fræðimanns. Því verður það ekki reynt. Samt sem áður er, í nokkrum tilvikum, bent á samsvörun í verkum Brodda við kenningar vel þekktra fræðimanna.

Ekki er hægt að fjalla um arfleifð Brodda Jóhannessonar án þess að hafa í huga að hann var maður hins talaða orðs. Ég hygg að Gunnar Ragnarsson tali fyrir munn flestra sem kynntust Brodda er hann segir:

Annars er það skoðun mín að Broddi sé umfram allt maður hins talaða orðs, hins mæltá máls. Hann getur verið stórkostlegur í samræðum, og hann er ræðumaður svo af ber, og þá bestur er hann hefur fæst efnisatriði á blaði. (Gunnar Ragnarsson, 1987, bls. 7)

Það er óhjákvæmilegt að taka tillit til þess að ekki liggur fyrir skrifaður texti um mörg umfjöllunarefni Brodda. Í viðtölum við nemendur hans og samstarfsfólk kemur iðulega fram að hugmyndir þeirra um boðskap hans byggðust á persónulegum samtölum, fyrirlestrum, athugasemdum eða fleygum setningum sem varðveist höfðu í munnlegri geymd. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að að ég naut þeirra forréttinda að vera nemandi Brodda og eiga auk þess kost á að ræða við hann ýmis mál um meira en tíu ára skeið. Þau kynni mín af honum móta að sjálfsgöðu túlkanir mínar á þeim skrifaða texta sem stuðst er við í þessari grein.

## GRUNNHUGTÖK

Í skrifum Brodda Jóhannessonar, fyrirlestur, sem og í samtölum við hann, skjóta sömu hugtökin upp kolli aftur og aftur. Hugtakið sköpun gengur eins og rauður þráður í gegnum flest skrif hans. Hann fjallar mikið um frelsi og mikilvægi þess á öllum sviðum, þar á meðal í kennslu. Þá má nefna að hugtakið „gagnvirkt samhengi“ er þáttur í greiningu hans á flestum viðfangsefnum. Loks má nefna hugtakið óvissu sem var undirliggjandi í umfjöllun hans um flest mál. Um þrjú þessara hugtaka er fjallað hér á eftir. Um hugtakið sköpun er ekki fjallað sérstaklega hér, en það kemur víða fyrir í greininni í mismunandi samhengi.

### Gagnvirkt samhengi

Broddi lagði ætíð mikla áherslu á mikilvægi þess að skoða fyrirbæri mannlífs og samfélags í gagnvirku samhengi. Hann taldi afar varasamt að rannsaka áhrif einstakra þátta eins og um einangraðar breytur væri að ræða. Nær væri að skoða hvern þátt í samhengi þeirrar heildar sem hann væri hluti af. Eins og oftár þá ver Broddi ekki miklu rými í að skilgreina hvað hann á við með gagnvirku samhengi. Í stað þess segir hann eftirfarandi dæmisögu úr daglegu lífi:

Árið 1946 keypti ég sendiferðabifreið Austin 10. Fimmtán árum síðar voru fjaðrir orðnar slappar og ég keypti aðrar nýjar undir jálkinn. Framfjaðrirnar nýju voru svo kröftugar, að þessi gamli vesalingur reis eins og lífgaður gæðingur, enda voru þær miklum mun burðarmeiri en fjaðrir þær, er prýddu hann ungan. ... Svo gerðist það haustdag einn, að ég ók Digranesveginn á heimleið, en það hagaði svo til, að ég varð að nema staðar, er ég mætti vörubíl við beygju á veginum. Vörubíllinn ók leiðar sinnar, og er hann úr sögunni, en er ég hugðist renna mínum garmi áfram sem leið lá, var hann stjórnlaus með öllu. (Broddi Jóhannesson, 1978b, bls. 19)

Broddi dregur síðan lærdóm af þessari dæmisögu á eftirfarandi hátt:

Fjaðrirnar góðu voru of burðamiklar fyrir gamlan bíl. Festingar á stýrisbúnaði höfðu ekki þolað sambýlið, og var nú hvort öðru gagnslaust, fjaðrirnar og stjórnvölurinn svo og bifreiðin sjálf þeim er hana vildi nýta. (Broddi Jóhannesson, 1978b, bls. 20)

Broddi tengir boðskap þessarar dæmisögu við umfjöllun um menntamál. Hann bendir á að „einangraðar breytingar“ sem ekki séu settar í „rökrétt samhengi“ við aðra þætti menntakerfisins séu varhugaverðar eða jafnvel skaðlegar. Hann varar þannig eindregið við því að breyta einstökum þáttum í kennslu og skólamálum án þess að athuga vel og gaumgæfilega hvernig þeir falla að kerfinu eins og það er í heild (Broddi Jóhannesson, 1978b). Breytingar á skólamálum sem virðast hafa góð áhrif á einn þátt starfsins gætu haft slæm áhrif á aðra þætti þess.

Það er athyglisvert að Broddi notar orðið kerfi til þess að lýsa gagnvirku samhengi. Síðan segir hann (1978b, bls. 20) orðrétt: „Fáum einum er lagið að skoða fyrirbæri mannlífs og samfélags í gagnvirku samhengi. Af því dylst og rís margur vandinn.“ Mikilvægi þess að greina alla hluti í gagnvirku samhengi kemur víða fram í skrifum Brodda. Það er ekki þar með sagt að hann aðhyllist hefðbundnar kerfiskenningar þar sem megináhersla er lögð á formgerð altæks kerfis í anda Luhmanns (1987). Broddi telur þvert á móti að nauðsynlegt sé að greina hið gagnvirka samhengi í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni.

## Frelsi

Víða í skrifum Brodda er bent á mikilvægi frelsis á öllum sviðum þjóðlífsins. Hann leggur áherslu á að frelsið fái merkingu sína af menningu og þjóðfélagsgerð sem og persónulegum einkennum fólks. Hugtakið frelsi hefur því ekki neina einhlíta merkingu eitt og sér. Að freista þess að greina endanlega merkingu þess er eins og að velja bílfjaðrir án þess að taka nokkurt tillit til bílsins sem þær eiga að fara í. Þannig er augljóst að frelsi fólks byggist á því vali sem menning og þjóðfélagsgerð býður upp á. Valfrelsi er einn þáttur frelsis. Broddi bendir réttilega á að tilhögun frelsis taki til margra annarra þátta í menningu og þjóðfélagsgerð. Mannúð, umburðarlyndi og virðing fyrir þeim sem fara ótroðnar slóðir eða villast af vegi eru mikilvæg atriði sem tengjast frelsi fólks (sjá töflu á bls. 13). Frelsi innan hópa og samfélaga byggist á því að almenn mannréttindi og réttur fólks til þess að hafa sérvískulegar skoðanir og fara aðrar leiðir en almennt tíðkast sé virtur.

En frelsi einstaklings ræðst einnig af persónulegum einkennum og viðhorfum hvers og eins. Frelsi tengist sjálfstæði, hugrekki, sannleiksást og stefnufestu einstaklingsins. Persónuleiki og viðhorf ráða því hvernig einstaklingurinn nýtir frelsið. Broddi benti margsinnis á það í kennslu hversu mikil forréttindi það væru, að geta sett fram og fylgt eigin skoðunum (sjá einnig fyrirlestur Vilborgar Dagbjartsdóttur, 2016).

Sérhver þátttakandi í samfélagi fólks ber ábyrgð á frelsi annarra. Þannig getur það borið vott um ábyrgðarleysi að segja sig úr samfélagi þeirra sem hafa aðrar skoðanir en maður sjálfur. Þau viðhorf Brodda birtast t. d. í greininni *Ærulaus mynt í Slitrum*. Þar segir hann:

Við trúum því, að sjálfsákvörðun og heilagt frelsi sé staðfest með kostum okkar á að kjósa og eiga samneyti við fólk og hafna því, enda sé það afbrigði félagsfrelsis og dýrmætur réttur að mega segjast og geta sagst úr félaginu. Ég neytti þess réttar og frelsis. (Broddi Jóhannesson, 1978a, bls. 99)

Síðar í sömu grein segir Broddi:

Fljótt á litið kann það að virðast sæmilegur verknaður að segjast úr samfélagi þeirra, er annað mat leggja á verðmæti en maður sjálfur gerir. Ef betur er að gáð, verður brátt ljóst, að svo er ekki, heldur verður það hvort tveggja í senn ókarlmannlegt og ábyrgðarsnautt. (Broddi Jóhannesson, 1978a, bls. 103)

Það er, með öðrum orðum, mikilvægt að átta sig á því að umburðarlyndi og ábyrgð fara gjarnan saman.

Broddi fjallar sérstaklega um mikilvægi frelsis í skólastarfi „Liggur hvergi meira við en á vettvangi uppeldis, að skoðanamyndun sé frjáls, eigi aðeins í orði, heldur einnig á borði“ (Broddi Jóhannesson, 1978a, bls. 14). Kennarar eiga að njóta frelsis í starfi. Sama gildir um nemendur. Frelsi nemenda til þess að takast á við viðfangsefnin á eigin forsendum er forsenda virks náms. Menn verða að hafa frelsi til þess að geta sýnt ábyrgð í verki. Ófrjáls maður á erfitt með að fylgja eigin sannfæringu og taka ábyrgar ákvarðanir. Á sama hátt er mikilvægt að fólk rækti sjálfstæði sitt, fylgi eigin samvisku og geri það sem það telur réttast. Kennari sem fylgir skipunum í blindni eða fræðimaður sem fylgir kennivaldi gagnrýnislaust er ekki að nýta frelsi sitt til þess að leita sannleikans, skapa nýja þekkingu og taka ábyrga afstöðu.

## Óvissa

Óvissa er undirliggjandi þáttur í umfjöllun Brodda Jóhannessonar um margvísleg efni. Ég tel að mikilvægi þessa hugtaks eigi sér rætur í þeirri viðleitni Brodda að setja hversdagsleg viðfangsefni í víðara samhengi og skoða þau í ljósi órávidda lífs og náttúru. Það blasir við að tilraunir okkar til þess að tryggja reglu og öryggi virðast býsna máttlitlar þegar þær eru skoðaðar í ljósi náttúruafla. Greina má þrjú svið í verkum Brodda þar sem óvissa gegndi miklu hlutverki.

Í fyrsta lagi var Brodda sókn fólks í öryggi og algilda þekkingu og tregða okkar til þess viðurkenna óvissu alla tíð afar hugleikin. Tilraunir fólks til þess að eyða óvissu með því að ganga á hönd kreddutrú, pólitískri hugmyndafræði eða kenningakerfum sem veittu svör við flestum spurningum ollu honum vonbrigðum. Væntanlega hefur dvöl hans í Þýskalandi á uppgangstímum nasismans valdið miklu um þetta (Broddi Jóhannesson, 1950). Þar varð hann vitni að því hvernig sóknin í pólitískt öryggi og efnahagslegan stöðugleika á kostnað þeirrar óvissu, sem fylgir lífi og starfi leiddi til hræðilegra atburða.

Í öðru lagi tengjast hugmyndir Brodda um óvissu sannleiksgildi vísindalegra niðurstaðna. Broddi minnr okkur sífellt á að algilda þekkingu sé hvergi að finna. Jafnvel í merkustu vísindum er alltaf nokkur óvissa. Dálæti hans á hellislíkingu Platons, sem hann var óþreytandi að minna á, er til vitnis um þennan óvissuvanda (1978b). Svo vitnað sé í fræga líkingu Brodda (1986), þá sjáum við ekki hvað er í skjóðunni. Við getum aðeins þuklað á henni og giskað á hvað þar er að finna. Við þetta bætist svo tilhneiging okkar til þess að horfa fram hjá óþægilegum staðreyndum. Hvernig stendur á því að okkur gengur erfiðlega að hafna viðteknum hugmyndum og hafa heldur það sem sannara reynist þegar vísindalegar vísbendingar hníga í aðra átt?

Í þriðja lagi er óvissa óhjákvæmilegur þáttur í öllu skapandi starfi. Í hvert skipti sem við leitum nýrra lausna verðum við að sleppa takinu á hefðbundnum lausnum og viðteknum hugmyndum, sem veitt hafa vissu og öryggi. Til þess að skapa nýja þekkingu og bregðast við nýjum áskorunum í sibreytilegum heimi verðum við að vera tilbúin að takast á við óvissu og fara ótroðnar slóðir. Það reynist mörgum erfitt vegna þess að óvissan er ógnvænleg. Allir kannast við það hvernig óvissa getur hæglega leitt til öryggisleysis, kvíða og þeirrar tilfinningar að maður hafi ekki góða stjórn á lífi sínu. Því er oft þægilegast að halda sig við það sem maður þekkir og horfa fram hjá vísbendingum sem ógna hugmyndaheimi okkar og daglegum lífsstíl. Það getur verið sérstaklega erfitt að takast á við atburði eða nýjar upplýsingar, sem ganga gegn grundvallarlífsviðhorfum, trú eða mikilvægum menningarlegum gildum, vegna þess að þær snerta sjálfið á óþægilegan hátt.

## VÍSINDAHYGGJA, KENNIVALD OG EFAHYGGJA

Það duldist engum að Broddi Jóhannesson var mikill fræðimaður, vel að sér í vísindalegum rannsóknaraðferðum og með einstaklega góða þekkingu á sálar- og uppeldisfræði. Hann var þátttakandi í alþjóðlegu vísindastarfi, sótti ráðstefnur og birti rannsóknarniðurstöður sínar í alþjóðlegum vísindatímaritum (sjá t.d. Brodda Jóhannesson, 1944). Broddi var alla tíð mikill talsmaður þess að efla vísindarannsóknir á Íslandi. Hann var t.d. einn af hvatamönnum þess að stofna Vísindasjóð (Broddi Jóhannesson, 1960) og hann taldi það

mikilvægt að byggja allt uppeldis- og skólastarf sem mest á traustum rannsóknum (Broddi Jóhannesson, 1955a, 1955b; Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 1987; Þórólfur Þórlindsson, 1987). Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 458 um Kennaraháskólann 1976–1977 er fjallað um mikilvægi rannsókna í uppeldis- og skólastarfi og tregðu yfirvalda til þess að veita fé til rannsókna í þágu barna. Þar segir orðrétt:

Í þeim umræðum var þrúfaldlega vitnað til þorsksins á miðunum og þeirrar viðhafnar, er hann nyti í fjárveitingum til rannsókna, meðan allsleysið eitt var lagt til uppeldisrannsókna. Reynslan hefur skorið úr því, að síst var ofgert við þorskinn. Ef til vill eru menn nú að rumska til þeirrar vöku að á heimari miðum hafi þörfin verið síst minni. (Greinargerð með frumvarpi til laga nr. 458 um Kennaraháskóla Íslands 1976–1977, bls. 11)

Í kennslu lagði Broddi alla tíð mikla áherslu á mikilvægi þess að beita vísindalegum aðferðum í rannsóknum. Hann vísaði gjarnan til aðferðafræði tilrauna sem hann þekkti vel af eigin reynslu (Broddi Jóhannesson, 1955a). Hann lagði einnig áherslu á mikilvægi kenninga og hugmynda í fræðilegum vinnubrögðum. Gildi vísindalegra aðferða ræðst að verulegu leyti af fræðilegu samhengi, stöðu rannsókna og kenninga á hverjum tíma. Rannsóknarniðurstöður í félagsvísindum, sálarfræði og uppeldis- og kennslufræði verður að túlka út frá menningu og félagslegum aðstæðum. Ekki er hægt að hagnýta niðurstöður í þeim fræðum án þess að veita þær og meta í gagnvirku samhengi ríkjandi skipulags (Broddi Jóhannesson, 1955b, 1978b).

Þrjú atriði eru Brodda hugleikin í sambandi við gagnrýna hugsun og félagslegt skipulag vísindastarfs. Í fyrsta lagi lagði hann áherslu á að efahyggja væri mikilvægur þáttur í vísindastarfi. Góð vísindi eru hæfileg blanda af vísindalegum vinnubrögðum og efahyggju, sagði hann gjarnan. Efahyggjan fóstrar gagnrýna hugsun vegna þess að hún ýtir undir það að við setjum spurningarmerki við viðteknar skoðanir og leitum nýrra lausna. „Kjarkur efans“ er mikilvægur þáttur í allri sannleiksleit (Broddi Jóhannesson, 1949, bls. 232).

Í öðru lagi varaði Broddi við kennivaldi. Hann stillti gjarnan vísindalegum vinnubrögðum upp sem andstæðu við kennivald og persónudýrkun. Um þetta sagði hann t.d.: „Ykkur eru ekki flutt nöfn ágættra fræðimanna til að gera þá að átrúnaðargoðum, heldur viðmælendur í ávirkri rökræðu“ (Broddi Jóhannesson, 1978b, bls. 32). Kennivald grefur undan sjálfstæðri hugsun og frumkvæði fólks til þess að meðhöndla rannsóknir á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt. Þannig bendir hann ítrekað á mikilvægi þess að kennarar vegi og meti rannsóknir þekktra fræðimanna sjálfstætt, velji og hafni hugmyndum og ákveði hvað og hvernig þeir nýta niðurstöður í kennslu (Broddi Jóhannesson, 1978b).

Þriðja atriðið sem Brodda var mjög hugleikið var tregða fólks til þess að fylgja rannsóknarrökum og sterkum vísindalegum vísbendingum þegar þær gengju gegn ríkjandi skoðunum. Vangaveltur hans um þau efni tengdust almennum áhuga hans á fylgispekt fólks við skoðanir sem sterkar vísbendingar og góð rök dæmdu ómerkar, úreltar eða siðlausar. Frægar eru tilraunir Brodda á nemendum sínum sem tengdust samspili dómgreindar og skynjunar.<sup>3</sup> Með þeim sýndi Broddi nemendum hvernig fólk heldur áfram að fylgja í blindni venjubundnum túlkunum þó að allar vísbendingar bendi til þess að þær leiði okkur í ógöngur.

Eins og svo oft áður grípur Broddi (1986) til dæmisögunnar til þess að útskýra mál sitt. Dæmisaga hans, *Dingullinn og banakringlan*, lokaorð hans á prenti, fjallar um þetta. Það



vekur sérstaka athygli að Broddi skuli draga þá ályktun við starfslok að nauðsynlegt sé að bæta 13. staðhæfingunni við staðhæfingarnar 12, sem hann setti fram sem grunn að góðri menntastefnu<sup>4</sup> (staðhæfingarnar 12 má t.d. sjá hjá Sigríði Þ. Valgeirsdóttur, 1987, bls. 19–20).

Broddi segir:

Ósvikið mannvall hafði kynnt niðurstöður sínar á námskeiðinu, þeirra á meðal annars heilvænlegar aðferðir til þess að þjálfra athygli, hugkvæmni og getspeki með því að ráða í og segja til um, hvað væri í skjóðu – eða öðru lokuðu íláti – án þess að leysa frá henni, en þukla mátti á henni og hrista að vild. (Broddi Jóhannesson, 1986)

Og síðan spyr hann:

Hvaða aðferð þarf að beita til þess að 13. staðhæfingin dæmist rétt vera?

Engin svör.

Það hlýnaði hvorki né birti í kringum mig, og ég svaraði sjálfum mér:

*Að sneiða hjá öllu, sem mælir gegn því.*

Ég hafði lokið síðustu kennslustundinni.

(Broddi Jóhannesson, 1986)

Hver 13. staðhæfingin er vitum við reyndar ekki með vissu, en við vitum að hún tengist tregðu okkar til þess að horfast í augu við sannleikann og hugsu út fyrir ramma viðtekinnna skoðana.

Hugsanir Brodda um þetta efni tengdust vafalaust áðurnefndri reynslu hans í Þýskalandi á uppgangstímum nasismans (sjá Brodda Jóhannesson, 1950). Hann sagði oft að það væri mikið rannsóknarefni hvernig venjulegt fólk hefði haldið áfram að taka þátt í þessum hræðilegu glæpum og horfa fram hjá vísbendingum um hvað væri í raun að gerast. Það er ekki síður rannsóknarefni að vísindamenn og menntafrömuðir skyldu taka þátt í þessum fasíska dansi (Cornwell, 2003). Vísindin, eins og Broddi benti oft á, ættu einmitt að vera mótvægi við öfgastefnur og kreddu trú. Í vísindum hefur verið komið upp rannsóknaraðferðum, vinnureglum og skipulagi til þess að leita sannleikans. Það er aldrei rétt að fara á svig við sannleikann eða halla réttu máli, jafnvel þótt það sé gert í nafni góðs málstaðar (sjá t.d. Brodda Jóhannesson, 1978b). Sú aðferð „að sneiða hjá öllu, sem mælir gegn því“ er hentug til þess að halda dauðahaldi í kreddu trú, fordóma og pólitískan rétttrúnað. Hún gagnast líka vel til þess að hjálpa fólki að horfa fram hjá valdniðslu, ranglæti og alls konar fólksuverkum. Hún hindrar þannig frjálsa hugsun. Þrettánda staðhæfingin minnir okkur einnig á að félagslegt og menningarlegt samhengi ræður miklu um framgang vísinda. Vísindaleg vinnubrögð koma að litlu gagni ef frjálsa hugsun og hugrekki skortir til þess að hafa það sem sannara reynist.

... því að ófrjáls maður í anda nemur það lýgi, er rétt kann að vera hermt. Hann er að auki ragmennni sem brestur „kjark efans“, hann er aðeins til í múg og er ávallt búinn til að neyta líðsmunar. (Broddi Jóhannesson, 1949, bls. 232)

Sýn Brodda á vísindi og hina erfiðu glímu mannkyns við sannleikann, andstöðu hans við kennivald og persónudýrkun og áherslu hans á mikilvægi efahyggju og skapandi hugsunar ber að skoða í þessu ljósi.



## KENningarINN

Broddi Jóhannesson hafði mikil áhrif á kynslóðir kennara með kennslu sinni við Kennarskóla Íslands um áratuga skeið. Hann var einstakur fyrirlesari, orðhagur og með afbrigðum áheyrilegur. Hann hafði hljómmikla og blæbrigðaríka rödd sem hann beitti markvisst til þess að túlka boðskap hins talaða orðs og honum var sérlega lagið að finna skemmtileg og áhugaverð dæmi úr daglegu lífi nemenda, setja þau í víðara samhengi og varpa þannig nýju ljósi á hversdagsleg viðfangsefni. Broddi átti afar auðvelt með að rekja á skilmerkilegan hátt flóknar, óhlutstæðar kenningar og tengja þær daglegum viðfangsefnum. „Kenningar gæddi hann lífi eigin reynslu og annarra en ætlaði kennaranemum að skilja og meta samhengið í ljósi innsæis og eigin reynslu“ (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir 1987, bls. 32).

Það var ekki markmið Brodda að mata nemendur á staðreyndum sem þeir ættu að leggja á minnið og endursegja sem mest í óbreyttu formi á prófi. Hann leitaðist alltaf við að fá nemendur til þess að hugsa sjálfstætt um efnið, meðtaka það á eigin forsendum, mynda sér sjálfstæða skoðun og nýta sér það frelsi sem í boði var til þess að standa við hana í athöfn og orði. Gunnar Ragnarsson (1987) hefur lýst kennsluáðferðum Brodda á eftirfarandi hátt:

Umfjöllun hans um námsefnið var á einhverju hærra stigi – ég mundi nú kalla það háskólastig: því hann talaði við okkur eins og við værum vitibornar verur sem ættu að þola drjúgan skammt af fræðilegri og vísindalegri þekkingu. ... maður neyddist til að reyna að hugsa í stað þess að leggja allt á minnið og læra utan að, eins og maður var vanur ... (Gunnar Ragnarsson, 1987, bls. 2)

Eins og áður hefur komið fram notaði Broddi gjarnan dæmisögur til að fá nemandann til þess að mynda sér sjálfstæða skoðun á námsefninu og túlka það út frá eigin reynslu. Dæmisögurnar þjónuðu einnig þeim tilgangi að fá nemendur til þess að setja fræðilegar niðurstöður í hversdagslegt samhengi eða túlka þær í öðru ljósi en því fræðilega samhengi sem þær voru settar fram í. Oft voru nemendur minntir á það með skemmtilegum dæmum að mannskepnan væri hluti af lífríki jarðar. Í lok fyrirlesturs um félagssálfræðilegar rannsóknir á hjarðhegðun fólks gat komið saga af forystusauði í hópi kinda norður í Skagafirði. Ég hygg að oft hafi það tekið nemendur nokkurn tíma að vinna úr sumum þessara dæmisagna, eins og Sigríður Þ. Valgeirsdóttir bendir á:

Sá vaxtarbroddur vitræns þroska sem fólst í dæmisögum hans [Brodda] var líklegur til þess að þróast með nemendum jafnvel löngu eftir að skólagöngu lauk og víkka sjóneldarhring þeirra og skilning í samræmi við tilgang lærimeistarans. (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, 1994)

Broddi Jóhannesson gerði lítinn mun á formlegri kennslu og óformlegri. Hann gaf sér alltaf góðan tíma til þess að sinna nemendum utan kennslustunda. Samtöl hans við nemendur voru oft en ekki margra fyrirlestra virði. Hann leysti sjaldnast mál með því að segja nemendum fyrir verkum eða gefa nákvæm fyrirmæli um það hvernig þeim bæri að bregðast við en hafði sérstakt lag á því að hrista upp í hefðbundnum skoðunum nemenda og fá þá til þess að líta viðfangsefni sín í nýju ljósi. Stríðnisleg gamansemi hans og hnitmiðaðar athugasemdir settu gjarnan stórt spurningarmerki við viðtekin sjónarmið. Þær minna óneitanlega á athuganir Goffmans (1959) og vettvangstilraunir Garfinkels (1967).

Broddi fylgdist ótrúlega vel með nemendum og vakti yfir velferð þeirra í hvívetna. Nemendur gátu alltaf treyst á hann ef eitthvað bjátaði á. Á móti kom að hann vildi kenna þeim sjálfstæði í hugsun og hvetja þá til þess að velja sér viðfangsefni, efla kjark efans og takast á við óvissu á skapandi hátt.

Broddi hafði mjög ákveðnar skoðanir á kennslu og hlutverki kennarans. Hann lagði alla tíð áherslu á að kennsla væri profession eða lífsstarf (Broddi Jóhannesson, 1978b). Í því felst að starfið byggist á sameiginlegum forða þekkingar og færni sem og á sameiginlegu siðgæði. Siðgæðisins gæta kennarar sjálfir án ytri íhlutunar „og af því hugarfari, að skyldur þeirra við skjólstæðinga sína séu æðri öðrum skyldum starfsins“ (1978b, bls. 12). Broddi lagði mikla áherslu á frelsi kennara til þess að taka ákvarðanir um kennslu og uppeldisleg viðfangsefni. Færni kennara, sjálfstæði þeirra og frelsi til þess að taka þær ákvarðanir sem þeir telja bestar fyrir velferð nemenda er og verður kjarni alls skólustarfs að hans dómi. Hann segir:

Ég vil trúa að það sé jöfnum höndum í þjónustu íslenskrar manngildishugsjónar sem starfs-hugsjónar kennara að erindi þetta átti að fjalla um frjálsa skoðanamyndun kennara og skyldu þeirra til þess að standa við hana. (Broddi Jóhannesson, 1978b, bls. 31–32)

Broddi gerir þá kröfu til kennara að þeir séu virkir í því að afla sér þekkingar, velja og hafna og mynda sér sjálfstæða skoðun, fremur en fylgja kennivaldi og tískustefnum í blindni. Um gagnsemi námskeiða fyrir kennara segir Broddi: „Þau eru gagnslítill að ég ekki segi ónýt, ef þau efla ekki sjálfsnám kennara. Þau eiga ekki að færa drykkinn og svölunina heldur þorstann og leitina“ (1978b, bls. 32). Og hann bætir við:

Ég vona að mér skjátlist, en stundum hef ég aðkenningu af því, að íslenskir kennarar vilji láta færa sér boðskapinn og kunnáttuna í silfurtrögi. Ábyrg og verðskulduð skoðun er aldrei í slíku trogi, hvorki í gervi námskeiðs eða annars vel verkaðs fóðurs. (Broddi Jóhannesson, 1978b, bls. 32)

Það var ekki alltaf auðvelt að henda reiður á því hvernig Broddi vann úr þeim mikla forða þekkingar sem hann hafði á valdi sínu. Það var öllum ljóst að kenningar Platons, Pestalozzis, Rousseaus, Kants og Deweys voru honum hugleiknar. Áhersla Brodda á persónulega reynslu nemenda, viðhorf þeirra og mikilvægi þess að virkja áhuga þeirra í glímu við vel valin verkefni minna vissulega á kenningar Johns Dewey. Reyndar gæti Broddi alveg eins hafa sótt þessar hugmyndir í íslenska verkmenningu, honum var verkmenntun alla tíð afar hugleikin (Broddi Jóhannesson, 1947, 1978a).

Enn má nefna að Broddi lýsti hugmyndum um mikilvægi leiks sem minna á kenningar pragmatista (Broddi Jóhannesson, 1949), t.d. þeirra Deweys og Meads (1934/1970), eins og eftirfarandi tilvitnun sýnir:

Hjá barninu fer erfiði og sköpun saman, starf og íþrótt, íþrótt og leikur. Þetta er forsenda hinnar hreinu, djúpu starfsnautnar þess, og vöntun þessa er forsenda að starfsleiða fjölmargra vaxinna, en starfsleiði skapar lífsleiða, lífsflótta, lamaðan lífsvilja. (Broddi Jóhannesson, 1949, bls. 194)

Það er vissulega erfitt að fullyrða til hvaða fræðimanna Broddi sótti sér efnivið til þess að móta eigin skoðanir um kennslu og skólamál. Hitt blasir við að þær hugmyndir sem hann sótti til þekktra fræðimanna eða í íslenskan menningararf tóku á sig nýja mynd eftir að hann hafði unnið úr þeim á sinn sjálfstæða og frumlega hátt.

## GREININGARKERFI BRODDA JÓHANNESSONAR

Það er auðveldara að benda á mikilvægar hugmyndir í verkum Brodda Jóhannessonar en að lýsa hlutverki þeirra í samhengi kerfisbundinnar heildar. Það er hins vegar verðugt verkefni að leita þessa heildarsamhengis og velta því fyrir sér á hvern hátt hugmyndir Brodda komi saman í kenningarlega heild.

Ein leið til þess að leita samhengis í verkum Brodda er að greina þau út frá rökrænum tengslum hugtaka í anda þess sem tíðkast í fræðilegri umfjöllun í vestrænum háskólum. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að Broddi beitti ekki sundurgreinandi aðferðum í framsetningu sinni (Gunnar Ragnarsson, 1987). Gunnar Ragnarsson (1987) bendir réttilega á að það sé ekki vegna þess að Brodda hafi skort rökfimi. Hann telur að önnur atriði ráði aðferð Brodda og setur fram eftirfarandi tilgátu:

Mér hefur dottið í hug að skýringin á ófýsi hans til röklegrar greiningar kunni að vera sú að hann vilji ekki slíta í sundur þá listrænu heild sem skáldlegt innsæi hans og hugsýn skapar. Hann vill skoða hvert fyrirbæri í samhengi við þá heild sem það er partur af án þess að skoð-unin verði á kostnað heildarinnar, eins og oft gerist hjá gallhörðum rökgreiningarmönnum. (Gunnar Ragnarsson, 1987, bls. 8)

Gunnar dregur hér fram tvö mikilvæg einkenni á aðferðum Brodda. Í fyrsta lagi leggur Gunnar áherslu á listræn sjónarmið hans og skáldlegt innsæi. Ekki leikur vafi á því að þessir þættir vógu oft þungt bæði í skriflegri og munnlegri framsetningu Brodda. Hins vegar er rétt að minna á að Broddi beitti oft sundurgreinandi aðferðum. Það þekkja t.d. allir sem hlýddu á fyrirlestra hans að hann greindi oft kenningar og rannsóknaraðferðir á rökrænan sundurgreinandi hátt, benti á mótsagnir og aðferðafræðilega galla. Hann beitti með öðrum orðum hefðbundinni fræðilegri greiningu þegar það átti við.

Í öðru lagi bendir Gunnar réttilega á að áherslan á heildrænt samhengi hafi verið eitt af megineinkennum á greiningaraðferðum Brodda. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa það í huga að hugmyndin um gagnvirk samhengi tengist hugmyndum Brodda um eðli þekkingar og vísindastarfs. Eins og fram hefur komið hér að framan varaði Broddi við því að reynt væri að túlka rannsóknarniðurstöður í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsvísindum í félagslegu og menningarlegu tómarúmi. Öll þekking í þessum fræðigreinum tekur mið af aðstæðum og umhverfi hverju sinni. Þeir sem vilja hagnýta fræðilega þekkingu á sviði uppeldis- og sálarfræði verða alltaf að leggja sjálfstætt mat á hugmyndir og rannsóknarniðurstöður og setja þær í rétt samhengi. Það er sama hvernig á málin er litið „allt veltur eftir sem áður á skoðandi auga, hlýðandi eyra og starfandi hendi“ (Broddi Jóhannesson, 1978b, bls. 32).

Rannsóknarniðurstöður eru ekki forskrift að því hvernig best er að móta fólk. Þær eru innlegg sem nauðsynlegt er að meta í skynsamlegu samhengi. Um þetta segir Broddi:

Allur ásetningur, öll viðleitni til þess að breyta manneskjunni, einkum á vaxtarskeiði, felur í sér kröfu um gilda þekkingu á henni, tók á því að breyta henni og trúverðugt mat á því, hvaða breytingar séu eftirsóknarverðar. (Broddi Jóhannesson, 1978b, bls. 14)

Það er með öðrum orðum ekki til gild vísindaleg þekking sem gefur ótvíræða forskrift að uppeldisstarfi. Því er mikilvægt að huga að gagnvirku samhengi rannsóknarniðurstaðna og fræðilegra kennisetninga.

Eins og komið hefur fram hér að framan, þá útskýrði Broddi aldrei hvað hann ætti við með gagnvirku samhengi. Það er freistandi að gefa því hugtaki inntak og merkingu, t.d. með því að tengja það við kerfiskenningar (Luhmann, 1987). En það má einnig túlka hugmyndir Brodda um gagnvirkt samhengi á annan hátt eða meira í ætt við kenningar fræðimanna eins og Mills (1959/2000), Beckers (1982/2008), Harpers (1987), Sennetts (2008) og Veblens (1914).

Á sama hátt og Dewey byggðu þessir fræðimenn kenningar sínar að hluta til á pragmatisma Charles Perce. Þeir gengu hins vegar lengra en Dewey í þá átt að móta rannsóknaraðferðir og vinnubrögð sem á ensku hafa verið kölluð *workmanship* (Veblen, 1914), *craftsmanship* (Harper, 1987; Mills, 1959/2000; Sennett, 2008), *craft* eða *craft-approach* (Becker, 1982/2008). Þessir fræðimenn töldu það mikilvægt að setja hlutina í virkt samhengi. Ólíkt þeim sem aðhylltust verkhyggju og kerfiskenningar töldu þeir að gerð samhengisins væri ekki gefin í eitt skipti fyrir öll heldur þyrfti að greina hana í hverju tilviki. Hér er sú tilgáta viðruð að greiningaraðferðir Brodda minni í mörgu á þá nálgun.

Becker, Harper, Mills, Sennett og Veblen litu svo á að hvert verk hefði gildi í sjálfu sér. Það rýrði gildi verkefnisins að líta eingöngu á það sem leið að markmiði. Þeir lögðust mjög gegn sérhæfingu og verkaskiptingu, sem þeir töldu afturför. Í stað þess töldu þessir fræðimenn að mikilvægt væri að greina hvert viðfangsefni sérstaklega með áherslu á heildrænan skilning. Broddi lýsir víða svipuðum skoðunum. Hann segir til dæmis:

En í hálfu aðra öld hefur allt stefnt að því að greina sundur líf og starf, starf og sköpun, markmið og leið. ... Þeir eru til, sem ekki eygja sálhjálpina í öðru en svo og svo mörgum mörgþúsundmálaverksmiðjum, og þeir telja vel farið, að erfiði og sköpun klofni sem gerst hvað frá öðru. Því meiri gefst fullkomnun sérhæfninnar. Um slíka menn geta vaxið heilar borgir, þar sem barnið á engan stað. (Broddi Jóhannesson, 1949, bls. 194)

Becker, Harper, Mills, Sennett og Veblen lögðu allir áherslu á að greining viðfangsefnisins hverju sinni mótaðist af hefðbundnum fræðilegum vinnubrögðum, ríkjandi kenningum og sérstöðu og sérkennum hvers viðfangsefnis. Þeir lögðu einnig áherslu á verkunnáttu, verksvit, skapandi vinnubrögð og virkt ímyndunarafli (Harper, 1987; Mills, 1959/2000; Sennett, 2008; Veblen, 1914). Það er athyglivert að Harper (1987) og Veblen (1914) telja að þessi sjónarmið einkenni norræna, ekki síst íslenska menningu. Þessi nálgun minnir mjög á viðhorf Brodda, en hann bar ómælda virðingu fyrir verkþekkingu, verksviti og reynslu kynslóðanna. Þetta má glögg sjá á bókum eins og *Faxa* (1947) og *Slitrum* (1978a). Hann leit svo á að góð vinnubrögð og verkþekking nýttist jöfnum höndum í allri sköpun jafnt í vísindum og listum sem hversdagslegustu verkefnum.

Fræðilegar kenningar, aðferðir og vinnubrögð eru fyrst og fremst tæki til þess að greina vel hvert verkefni, hvert tilvik. „Gild þekking“ birtist okkur aldrei í formi einangraðra breytna, hana er aðeins að finna í samhengi (Broddi Jóhannesson, 1949). Í þessum viðhorfum felst að það er ekki forgangsmál að setja fram algilda kenningu um mannlegt atferli sem lýtur rökfræðilegum lögmálum. Það kemur í raun ekkert í staðinn fyrir góð og traust vinnubrögð og góða greiningu á hverju tilviki fyrir sig. Þannig má draga fram hið sérstaka í hverju tilviki út frá því almenna og varpa ljósi á almennar kenningar út frá greiningu á sérstökum tilvikum.

Eitt þeirra atriða sem greinir Brodda frá þessum ágætu fræðimönnum er yfirlýst virðing hans fyrir náttúrunni og sköpunarmætti lífsins. Maðurinn er hluti af náttúrunni og háður þeim stórbotnu öflum sem þar ríkja. Það setur dagleg viðfangsefni og mannleg vandamál í annað og viðara samhengi að skoða þau í því ljósi eins og Broddi gerði gjarnan. Niðurstöður slíkra þælinga birtast meðal annars í þeirri áherslu sem hann leggur á óvissu, sköpun og á fegurð sem mikilvægan mælikvarða á hvert verk. Um þetta segir Broddi:

Allt, sem við tignum öðru fremur, skapar. Sérhver máttugur guð hefur verið skapari, og það, sem hann skapaði, hefur snortið hjörtu manna með fegurð. Fegurðin er forsenda allrar sköpunar. (Broddi Jóhannesson, 1949, bls. 190)

Sköpunin er eina leiðin til þess að takast á við þá óvissu sem óhjákvæmilega fylgir lífinu. Því er mikilvægt að nýta það frelsi sem lífið býður upp á og beita sköpunarmættinum og gerast „sumarskáld“. Það má ljóst vera að þeir sem freista þess að tryggja öruggt líf og eyða allri óvissu með því að gangast undir kennivald, leita skjóls í kreddu trú og beygja sig undir vald múgsins verða aldrei góð sumarskáld.

Það sem greinir Brodda Jóhannesson þó hvað mest frá öðrum fræðimönnum er að hann leggur upp í hverja greiningu, hvert viðfangsefni, með sýn sem byggð er á mann-gildishugsjón, sem setur manninn og mennskuna í fyrsta sæti. Ég tel, eins og fleiri (Gunnar Ragnarsson, 1987; Jón Ásgeirsson, 1994), að manngildishugsjón Brodda sé það sem bindur hugmyndir hans saman.

#### Tafla. Boðin fimm

1. **Lífhelgiboðið:** Líf manna hefur gildi í sjálfu sér óháð mannvirðingum. (Þetta boð er leitt af orðum og breytni Bjarna Grímúlfssonar).
2. **Jafnréttisboðið:** Menn skulu hafa jöfnum höndum allt það er þeir fá gæða. (Máldagi Þorfinns Karlsefnis og liðs hans).
3. **Hlutlægnisboðið:** Segja skal kost og löst á hverjum hlut. (Leitt af breytni Herjólfss bónda).
4. **Trúnaðarboðið:** Hafa skal það sem sannara reynist. (Sett af Ara).
5. **Mannúðarboðið:** Einhvers staðar verða vondir að vera. (Sett af tröllum í Drangey. Kann að vera markverðast þessara boða).

(Broddi Jóhannesson, 1978b, bls. 30–31)

Boðin hans fimm (sjá töflu) eru mikilvæg leiðsögn um það hvernig rétt sé að fara að þannig að manngildishugsjónir ráði ferð. Þau segja okkur að líf hvers manns, hvers nemanda, hvers barns hafi gildi í sjálfu sér og okkur beri að virða frelsi og sjálfstæði fólks og fjölbreytni mannlífsins.

Í fljótu bragði virðist því sem hægt sé að fella kenningar Brodda undir einhvers konar raunsæishúmanisma sem í er blandað stórum skammti af visku kynslóðanna, vísindahyggju og ótakmarkaðri virðingu fyrir náttúrunni í allri sinni fjölbreytni. Vandinn er hins vegar sá að þessi blanda Brodda gerir húmanisma hans svo sérstakan að það hjálpar lítið að setja slíkan merkimiða á verk hans.

Sérstaða Brodda fólst í því hvernig hann vann úr og beitti hugmyndum sem hann sótti jöfnum höndum til bænda og sjómanna og í heim fræða og lista. Það er tilgáta mín að hann hafi ekki haft neinn sérstakan áhuga á því að smíða heildarkenningu sem færði fólki stóra sannleikann í „silfurtrogi“. Hann mótaði hins vegar greiningarkerfi þar sem hugmyndir og hugtök fléttuðust saman í virkri greiningu á hverju tilviki og hverju viðfangsefni. Hann lagði áherslu á það að verkefnið sem unnið væri að hverju sinni hefði gildi í sjálfu sér. Heildarskilningur, verksvit, góð vinnubrögð og skapandi lausnir eru gott veganesti í slíka greiningu. Hið sama má segja um fræðilega nálgun og vísindaleg vinnubrögð sem eru vissulega mikilvæg tæki til góðrar greiningar. Samræður og rökræður eru líka mikilvægar til þess að öðlast betri skilning á flóknum viðfangsefnum. Góð vinnubrögð, færni og vísindaleg þekking nær hins vegar skammt ef hugmyndaflug og djörfung til þess að hugsa út fyrir rammann vantar. Þekking og færni verður gagnslítill ef faglegan metnað skortir. Öll þekking, tækni og vísindi verða gagnslítill ef frelsi, mannúð, umburðarlyndi, virðingu fyrir fjölbreytni mannlífsins og kjarkinn og viljann til þess að hafa það sem sannara reynist vantar.

## LOKAORÐ

Grein þessi er samin í þeirri trú að hugmyndir Brodda Jóhannessonar eigi fullt erindi við okkur nú í upphafi 21. aldar, þegar fræðileg sérhæfing, verslunar- og viðskiptavæðing, kennivald og tæknihyggja yfirskeygir manngildishugsjónir og takmarkar heildarsýn á menntamál. Umfjöllunin hér að framan takmarkast við valda þætti í verkum Brodda. Markmið hennar er fyrst og fremst að vekja athygli á hugmyndum og starfi hins mikilhæfa hugsuðar og áhrifamanns í íslensku uppeldis- og skólustarfi. Mikið vantar hins vegar á að verkum hans og starfi séu hér gerð tæmandi skil.

Í orðum sínum og verkum lagði Broddi Jóhannesson áherslu á að markmið alls skólustarfs væri að skapa sjálfstæða og skapandi einstaklinga, efla dómgreind nemenda og auka þekkingu þeirra og færni til þess að takast á við viðfangsefni daglegs lífs og bjóða þeim nám sem hefði gildi í sjálfu sér. Hér er Broddi í góðum félagsskap margra uppeldis- og kennslufræðinga sem lagt hafa áherslu á þessi sjónarmið. Þessi mikilvægu almennu viðhorf skapa Brodda ekki neina sérstöðu. Sérstaða hans felst, að ég hygg, einkum í þremur þáttum sem fléttast þannig saman að þeir gera framlag hans og framgöngu einstaka.

Í fyrsta lagi vann Broddi með þaulhugsað greiningarkerfi þar sem hann setti manngildið ofar skrifræði, frelsi og sköpun ofar stöðluðum vinnubrögðum og gagnrýnin vinnubrögð

ofar kennivaldi og kreddutrú. Hann boðaði ekki endanlegan stórasannleik með heildarkenningu, en lagði í stað þess áherslu á að greina bæri hvert sérstakt tilvik í virku samhengi. Þessi nálgun er í fullu samræmi við áherslu hans á það að setja beri velferð hvers nemanda í fyrsta sæti. Það gefur auga leið að ef virða á velferð nemenda, sérstöðu þeirra, frelsi og frumkvæði, er mikilvægt að greina hvert tilvik sem best. Fagmennska kennara hvílir á því að þeir séu frjálssir til þess að taka ákvarðanir í ljósi þekkingar sinnar og reynslu sem næst vettvangi. Jón Ásgeirsson tónskáld, sem kenndi undir stjórn Brodda, orðar þetta vel er hann segir um Brodda í minningargrein: „Þú kenndir mér að setja manninn ofar boðum og bönnum, virða helgi náttúrunnar og leita frelsisins í listinni“ (Jón Ásgeirsson, 1994).

Í öðru lagi einkenndi það framgöngu Brodda hversu stefnufastur og samkvæmur sjálfum sér hann var. Hann missti aldrei sjónar á grundvallarhugmyndum sínum og leitaðist við að útfæra þær og fylgja þeim eftir í hverju því sem hann tók sér fyrir hendur. Flestir sem starfað hafa innan skólakerfisins vita að oft er stórt bil milli góðra hugmynda og fallegra hugsjóna annars vegar og stefnumótunar og framkvæmdar hins vegar. Broddi lagði mikla vinnu í að brúa þetta bil og móta stefnu sem byggðist á grunnhugsjónum mannhelgi og mannúðar en nýtti sér fræðilega þekkingu sem best. Hann setti alltaf velferð nemandans ofar öllum reglum og boðum skrifræðis og stöðlunar og lagði alltaf áherslu á frelsi nemandans til þess að virkja áhuga sinn og frumkvæði og sameina erfiði og sköpun, starf, íþrótt og leik. Broddi taldi einnig að kennarinn yrði að hafa frelsi til þess að velja og hafna og mynda sér sjálfstæða skoðun á öllum málum sem snertu velferð nemenda. Frelsi kennara og hæfni þeirra til þess að greina stöðu hvers nemanda og taka ákvörðun með velferð hans í huga væri grundvöllur faglegs skólastarfs.

Í þriðja lagi markaði einstakt persónulegt innsæi Brodda og næmi hans á mannlegt eðli honum verulega sérstöðu. Hann hafði til að bera hugrekki og djörfung til þess að gera það sem hann taldi rétt og hafði sérstakt lag á því að örva hugsun nemenda með skemmtilegum dæmisögum, áskorunum eða spurningum sem settu hversdagsleg viðfangsefni í óvænt samhengi. Þannig freistaði hann þess að efla kjark efans með nemendum sínum og samstarfsmönnum.

Broddi Jóhannesson var einstakur maður og það má ljóst vera að hans líkar fylla ekki menntastofnanir, ráðuneyti og þing sem sýsla með uppeldisstarf, menntun og vísindi. Það má líka ljóst vera að kröfurnar sem hann gerði til þeirra sem fást við kennslu og uppeldisstarf voru miklar og geta virst óraunsæjar í dag. Það er hins vegar kominn tími til þess að rifja upp sígildar hugmyndir Brodda Jóhannessonar um kennslu og skólastarf og setja þær í samhengi við það sem nú ber hæst með það í huga að skapa ávirka umræðu um uppeldismál, kennslu og vísindi. Það er líka við hæfi að velta því fyrir sér hvort við ættum að gæta betur að gagnvirku samhengi hlutanna, sýna kennivaldi sérfræðinga minni virðingu og gefa meiri gaum að reynslu kennara, menningu og verksviti kynslóðanna. Ef til vill ættum við að gera efahyggjunni og óvissunni hærra undir höfði og sýna frjálsum leik meiri virðingu. En umfram allt ættum við að veita hugmyndum Brodda um sköpun og frelsi meiri athygli og hafa boðin hans fimm í huga. Þau eru grundvöllur þeirrar manngildishugsjónar sem hann telur að allt starf okkar ætti að byggja á. Þau eru grundvöllurinn að því að mennta sumarskáld „*þrekmiðið og heilt á hjarta, óskipt á skaphöfn, fagnandi til áræðis og starfa*“.



## ATHUGASEMDIR

- 1 Höfundur þakkar Guðríði Sigurðardóttur, Sigríði Þóru Þórólfsdóttur, Sigurði Helgasyni, Stefáni Baldurssyni og Þorbirni Broddasyni glöggar athugasemdir. Einnig þakkar hann ritstjórum, ritrýnum og yfirlesurum TUM fyrir góðar athugasemdir og faglegar ábendingar.
- 2 Tilvitnanir í fyrirlestra sem fluttir voru á Málþingi í minningu dr. Brodda Jóhannessonar, 21. apríl 2016, eru byggðar á glósum sem höfundur tók á ráðstefnunni.
- 3 Ég fann ekkert skrifað um þessar tilraunir Brodda sem kynslóðir nemenda þekkja af eigin raun. Ég get nefnt sem dæmi eina tilraun sem margir nemendur hans muna vel eftir. Hún var þannig að hann valdi þrjá til fjóra nemendur sem sendir voru út úr kennslustofunni og látnir bíða fyrir utan. Þeir voru síðan kallaðir inn í stofuna aftur einn og einn í einu. Áður en þeir komu inn í kennslustofuna var bundið fyrir augu þeirra þannig að þeir sáu ekkert. Síðan var sett tæki í eyru þeirra og þeim sagt að það hjálpaði þeim til þess að greina betur úr hvaða átt hljóðið kæmi. Sannleikurinn var hins vegar sá að tækið víxlaði hljóðinu þannig að það virtist koma úr þveröfugri átt við það sem það gerði í raun. Síðan hringlaði Broddi lykum og það viðkomandi að ganga á hljóðið. Nemendur gengu í öfuga átt eða í þá átt sem þeim heyrðist hljóðið koma úr. Broddi gaf þeim sem tilraunin var gerð á smám saman fleiri og fleiri vísbendingar um raunverulega stöðu mála. Raunin var oftast en ekki sú að fólk gafst hreinlega upp eða hélt áfram að ganga í vitlausa átt þó að nánast væri búið að segja því að hljóðið, sem það heyrði, kæmi úr þveröfugri átt við það sem því heyrðist.
- 4 *Dingullinn og banakringlan* er heiti á jólakveðju sem Broddi sendi vinum og samstarfsfólki árið 1986. Þessi jólakveðja, sem er óútgefin, er í formi dæmisögu sem fjallar um það hvað okkur gengur erfiðlega að höndla sannleikann. Þessi vandi er svo mikill að Broddi telur nauðsynlegt að setja fram 13. staðhæfinguna til viðbótar þeim 12 sem hann hafði áður sett fram sem grundvöll menntastefnu. Við vitum ekki hver 13. staðhæfingin er. Við vitum aðeins að hún er sannreynd með því að „sneiða hjá öllu, sem mælir gegn því“. Broddi lætur lesandanum eftir að finna út hvernig 13. staðhæfingin er orðuð eða um hvað hún fjallar. Hún gæti fjallað um það hversu þægilegt er oft að lifa í sjálfsblekkingu. Hún gæti fjallað um það hvernig viðtekur hugmyndir takmarka sýn á það sem er að gerast í kringum okkur. Hún gæti verið lýsing á því hvernig við látum falleg orð og seiðandi hugmyndafræði villa um fyrir okkur. Hver og einn verður að dæma fyrir sig og leggja út af dæmisögu Brodda um *Dingullinn og banakringluna* á sinn hátt.

## HEIMILDIR

- Árni Johnsen. (21. apríl, 2016). *Setningarávarp*. Fyrirlestur á Málþingi í minningu dr. Brodda Jóhannessonar, skólustjóra Kennaraskóla Íslands og fyrsta rektors Kennaraskóla Íslands, haldið í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.
- Becker, H. S. (1982/2008). *Art worlds*. Berkeley: University of California Press.
- Broddi Jóhannesson. (1944). Vergleichende Untersuchungen über die Verschmelzungsfrequenz in verschiedenen Sinnesgebieten und ihre Bedeutung für die Struktur der Persönlichkeit. *Zeitschrift für Psychologie*, 156(1–3), 85–164.

- Broddi Jóhannesson. (1947). *Faxi*. Akureyri: Norðri.
- Broddi Jóhannesson. (1949). *Frá mönnum og skepnum*. Akureyri: Norðri.
- Broddi Jóhannesson. (1950). Áróður. Í Björn Th. Björnsson og Jónas Árnason (ritstjórar), *Við hljóðnemann* (bls. 145–164). Reykjavík, Höfundar.
- Broddi Jóhannesson. (1955a). Hóflæg íhaldssemi eða nýjungagirni. *Menntamál*, 28(1), 23–32.
- Broddi Jóhannesson. (1955b). Fræðilegar rannsóknir og hagnýtt starf í skólum. *Menntamál*, 28(1), 48–51.
- Broddi Jóhannesson. (1960). Nokkrir kveikir að Vísindasjóði Íslands. *Menntamál*, 33(1), 59–65.
- Broddi Jóhannesson. (1978a). *Slitur*. Reykjavík: Iðunn.
- Broddi Jóhannesson. (1978b). Lífsstarf og frjáls þróun skoðana. Í Broddi Jóhannesson, Jónas Pálsson og Sigríður Valgeirsdóttir, *Lífsstarf og kenning: Þrjú erindi um uppeldis- og kennslufræði* (bls. 7–34). Reykjavík: Iðunn.
- Broddi Jóhannesson. (1986). *Dingullinn og banakringlan*. Jólakveðja frá Brodda Jóhannessyni. Reykjavík.
- Cornwell, J. (2003). *Hitler's scientists: Science, war and the devil's path*. New York: Penguin Books.
- Garfinkel, H. (1967). *Studies in ethnomethodology*. Englewood Cliffs: Prentice-Hall.
- Goffmann, E. (1959). *The presentation of self in everyday life*. New York: Anchor Books.
- Greinargerð með frumvarpi nr. 458 til laga um Kennaraháskóla Íslands. Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976–1977.
- Gunnar Ragnarsson. (1987). Hugur einn það veit. Í Þuríður J. Kristjánsdóttir (ritstjóri), *Gefið og þegið: Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum* (bls. 1–9). Reykjavík: Iðunn.
- Harper, D. (1987). *Working knowledge: Skill and community in a small shop*. Chicago: University of Chicago Press.
- Jón Ásgeirsson. (1994, 16. september). Minningargrein. *Morgunblaðið*, bls. 28.
- Kristín Indriðadóttir. (21. apríl, 2016). *Í máli og riti*. Fyrirlestur á Málþingi í minningu dr. Brodda Jóhannessonar, skólustjóra Kennaraskóla Íslands og fyrsta rektors Kennaraháskóla Íslands, haldið í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.
- Luhmann, N. (1987). Modern system theory and the theory of society. Í V. Meja, D. Misgeld og N. Stehr (ritstjórar), *Modern German sociology* (bls. 173–186). New York: Columbia University Press.
- Mead GH (1934/1970). *Mind, self, & society: From the standpoint of a social behaviourist*. Chicago: University of Chicago Press.
- Mills, C. W. (1959/2000). *The sociological imagination*. Oxford: Oxford University Press.
- Ólafur Proppé. (21. apríl, 2016). *Stefnumið dr. Brodda um kennaranám*. Fyrirlestur á Málþingi í minningu dr. Brodda Jóhannessonar, skólustjóra Kennaraskóla Íslands og fyrsta rektors Kennaraháskóla Íslands, haldið í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.
- Sennett, R. (2008). *The craftsman*. New Haven: Yale University Press.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (1987). Skólustjórnarár Brodda Jóhannessonar 1962–1975. Í Þuríður J. Kristjánsdóttir (ritstjóri), *Gefið og þegið: Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum* (bls. 10–37). Reykjavík: Iðunn.

Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (1994, 16. september). Minningargrein. *Morgunblaðið*, bls. 28.  
 Sigurjón Mýrdal. (21. apríl, 2016). *Vandinn að byggja upp fólk og stofnanir*. Fyrirlestur á Málþingi í minningu dr. Brodda Jóhannessonar, skólastjóra Kennaraskóla Íslands og fyrsta rektors Kennaraháskóla Íslands, haldið í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Veblen, T. (1914). *The instinct of workmanship and the state of industrial arts*. New York: B.W. Huebsch.

Vilborg Dagbjartsdóttir. (21. apríl, 2016). *Mining*. Fyrirlestur á Málþingi í minningu dr. Brodda Jóhannessonar, skólastjóra Kennaraskóla Íslands og fyrsta rektors Kennaraháskóla Íslands, haldið í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Pórolfur Þórlindsson. (1987). Rannsóknir í þágu skólastarfs. *Ný menntamál*, 5(3), 12–16.

Greinin barst tímaritinu 22. desember 2016 og var samþykkt til birtingar 5. apríl 2017

## UM HÖFUNDINN

Pórolfur Þórlindsson (thorotho@hi.is) er prófessor emerítus í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hann hefur fengist við rannsóknir og kennslu á ýmsum sviðum félagsfræði.

# The art of educating free, able and creative people: The theories of Dr. Broddi Jóhannesson

## ABSTRACT

Dr Broddi Jóhannesson was one of the most influential leaders in education in Iceland in the twentieth century. He played a leading role in the revolutionary changes that occurred in teacher education in the sixties and seventies. He shaped teachers' education as headmaster of the teachers' training college, and later, as the first rector of the newly founded university responsible for teacher education in Iceland, not to mention the fact that he was a legendary teacher who influenced generations of teachers for decades. Broddi Jóhannesson was directly involved in the development of educational policy and teacher education in Iceland through his work on several governmental committees that rewrote the educational policy on teacher education. Finally, he was a pioneer in pedagogical and psychological sciences in Iceland. Broddi Jóhannesson was one of the founding fathers of the national science fund. He was among the first Icelandic social scientists to publish articles in international journals. He served as the editor for *Menntamál*, the only scholarly journal exclusively devoted to education.

Broddi Jóhannesson showed a remarkable consistency in his prolific work across various roles and immeasurable tasks in all areas of education. In this paper I argue that this consistency was rooted in a carefully worked out and a unique theoretical

framework that Broddi Jóhannesson developed early in his career. While he did not find the time to present his theories in a comprehensive and a systematic manner, many of their key elements are displayed in his writings. I try to show how his theoretical framework was a unique mixture of ideas drawn from classical humanism, science, critical theories and traditional knowledge and wisdom from Icelandic farmers and fishermen. Broddi Jóhannesson emphasized the scientific method as a key element in the demarcation of science. He was especially interested in the experimental method as a model for scientific inquiry. At the same time he stressed the importance of skepticism and the right to question scientific authority and expertise. While Broddi Jóhannesson found general theories and the hypothetico-deductive model of research useful, he argued that this kind of knowledge had to be placed in the proper context, emphasizing the context-dependent aspects of knowledge, expertise and learning. He warned against the use of context independent grand theories that offered solutions to a broad range of human problems on a silver platter.

In many ways Broddi Jóhannesson was close to pragmatists such as John Dewey, approaching learning from a theory of knowledge that emphasized active learning, play, and experimentation as the basis for both knowledge and learning. Furthermore, the way Broddi Jóhannesson integrated knowledge from national Icelandic culture and the pragmatist theory of learning resembled Veblen's theory of workmanship and C. Wright Millis's theory of craftsmanship in the sense that he emphasized a task-oriented approach, stressing informal learning, holistic understanding, skill, and tacit knowledge. What set him apart from all these scholars was his emphasis on humanitarian values and a unique style of analysis and presentation.

The theoretical framework Broddi Jóhannesson developed characterized his approach to teaching, and educational policy-making. He placed the student firmly at the center of the school system. The the student's welfare was to be placed above bureaucratic rules and standardized solutions. Students should have as much freedom as possible to learn and explore important material. In the same vein, he argued that teachers should have the freedom to exercise their skill to meet the diverse needs of students. He was skeptical of bureaucratic organization of school work, fixed curricula and standardized procedures. Instead he argued that the teacher's knowledge and skill was the key factor that determined the success of the educational system and the students' welfare. He argued that teaching is a profession and the teachers themselves are responsible for upholding professional and ethical standards.

Keywords: Broddi Jóhannesson, education, teaching, pedagogy, freedom, humanism

## ABOUT THE AUTHOR

Thorolfur Thorlindsson (thorotho@hi.is) is a professor emeritus in sociology at the Faculty of Social and Human Sciences University of Iceland. His research interests include a range of sociological topics.